

## Útdráttur

Ég beini sjónum mínum meðal annars að skurðpunkti þess huglæga og hlutlæga. Hugsa í gegnum hann nokkurs konar miðjuás þar sem okkar innri heimur vegur salt við gjörðir okkar í ytri heiminum. Í því samhengi skoða ég samspil náttúru og menningar sérstaklega í ljósi þess hvernig hallað hefur á vistkerfi jarðar vegna gjörða mannsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Er orsaka að leita í aftengingu við náttúruna? Getur djúp fegurðarupplifun í náttúrunni breytt einhverju og haft mannbætandi áhrif? Þessu tengdu velti ég fyrir mér hugtökum um fegurð og ægifygurð, og hvort inntak þess síðarnefnda hafi breyst í seinni tíð, að óttanum sem því er tengt hafi verið skipt út fyrir undrunar og ánægjutilfinningu. Þetta tengist eigin reynslu af dvöl í óbyggðu víðerni Íslands. Sú reynsla hefur fengið mig til að endurskoða samband mitt við náttúruna og gert mér ljóst mikilvægi þess að eiga aðgang að henni og heilandi áhrifum hennar. Upplifun mín er tengd ákveðnu landslagi eða stöðum úti í náttúrunni. Í ritgerðinni gef ég dæmi um þá staði og styðst við skilgreiningar landfræðingsins Yi-Fu Tuan og mannfræðingsins Tim Ingold til að skoða hvaða þættir einkenna þá. Ég leita líka í kenningar heimspeklinganna Deleuze og Guattari um *the Rhizome* og kenningar heimspekingsins Timothy Morton um Hyperobjects og tengi við hugmyndir mínar um jafnræði í vistkerfinu í heimspekilegu samhengi. Ég skoða verk mín í samhengi við aðra listamenn og velti fyrir mér hvort listaverkið geti veitt samskonar mannbætandi fegurðarupplifun og náttúran. Verk mín sé ég sem tilraunir til að hlutgera tilfinningar mínar til náttúrunnar með því að vinna með fyrirbæri úr umhverfinu, færa þau inn í manngert rými og skoða í nýju samhengi.